

ÚTVISTUNARSTEFNA ÍSLENSKA LÍFEYRISSJÓÐSINS

Mars 2026

1. Markmið og gildissvið

Stefna þessi fjallar um þau atriði sem gæta þarf að við útvistun verkefna og þjónustu hjá Íslenska lífeyrissjóðnum (hér eftir einnig nefndur lífeyrissjóðurinn). Stefnan tekur mið af leiðbeinandi tilmælum Seðlabanka Íslands nr. 1/2025 um útvistun, leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2019, vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila, lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglugerðum sem byggja á lögum og lögum nr. 78/2025, um stafrænan viðnámsþrótt fjármálamarkaðar. Útvistunarstefnan gildir um útvistun verkefna og þjónustu í starfsemi Íslenska lífeyrissjóðsins. Markmið stefnunnar er að setja ramma um útvistunarsamninga og þau grunnsjónarmið sem skulu lögð til grundvallar varðandi form og efni slíkra samninga. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að stefnu þessari sé framfylgt.

2. Hugtök og skilgreiningar

Í stefnu þessari merkir:

Útvistun: Samningur milli Íslenska lífeyrissjóðsins og þriðja aðila (útvistunaraðila) um að útvistunaraðili taki að sér verkefni eða þjónustu sem almennt falla innan verksviðs lífeyrissjóðsins.

Útvistunaraðili: Sá sem veitir þjónustu, aðstöðu eða sinnir verkefnum fyrir hönd Íslenska lífeyrissjóðsins.

Mikilvæg verkefni:

1. Lykilstarfssvið lífeyrissjóðsins: eignastýring, áhættustýring, innri endurskoðun, regluvarsla, starfsemi tryggingastærðfræðings og innheimta iðgjalda.
2. Önnur verkefni sem eru þess eðlis að veikleikar eða mistök við rækslu þeirra gætu haft alvarlegar afleiðingar fyrir möguleika lífeyrissjóðsins til þess að uppfylla skyldur sínar skv. lögum, reglugerðum, reglum eða öðrum viðmiðum sem um starfsemina gilda og/eða hafa áhrif á möguleika lífeyrissjóðsins til að halda áfram starfsemi.
3. Önnur starfsemi sem krefst starfsleyfis Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir Fjármálaeftirlitið).
4. Verkefni sem hafa veruleg áhrif á áhættustýringu lífeyrissjóðsins.

Keðjuútvistun: Þegar útvistunaraðili útvistar verkefnum áfram, í heild eða að hluta, til þriðja aðila.

Frávik: Ófyrirséð atvik sem hefur áhrif á eða getur haft áhrif á framkvæmd hins útvistaða verkefnis.

Alvarleg frávik: Ófyrirséð atvik sem hefur áhrif á eða getur haft áhrif á starfsemi lífeyrissjóðsins sem gæti haft neikvæð áhrif á rekstrarsamfellu eða komið í veg fyrir að sjóðurinn geti uppfyllt skyldur samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

Útgönguáætlun: Skrifleg áætlun Íslenska lífeyrissjóðsins sem felur í sér viðbrögð við aðstæðum sem gætu komið í veg fyrir að útvistuðum verkefnum verði sinnt með fullnægjandi hætti.

3. Áhrif útvistunar

Stórum hluta af starfsemi Íslenska lífeyrissjóðsins er útvistað til annarra aðila. Það er mat lífeyrissjóðsins að ábyrg útvistun feli í sér tækifæri fyrir lífeyrissjóðinn að nýta sterka innviði öflugra þjónustuveitenda. Stjórn lífeyrissjóðsins er engu að síður meðvituð um þær áhættur sem felast í útvistun.

Áhætta telst ásættanleg ef hún er lítil eða miðlungs. Nánari viðmið um áhættuþol skal skilgreint í gildandi áhættustefnu sjóðsins á hverjum tíma. Endanleg ábyrgð á framkvæmd allra útvistaðra verkefna og þeirri áhættu sem þeim kann að fylgja hvílir ávallt á stjórn lífeyrissjóðsins. Slíkri ábyrgð verður ekki útvistað. Stjórn ber einnig ábyrgð á því að öll útvistuð verkefni uppfylli þau viðmið sem koma fram í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum og skal fylgjast með framkvæmd útvistaðra verkefna. Útvistun hjá Íslenska lífeyrissjóðnum skal hagað á þann hátt að hún samræmist þeim lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og þeim viðmiðum sem um starfsemi lífeyrissjóðsins gilda. Framkvæmdastjóri eða eftir atvikum stjórn tekur ákvörðun um útvistun. Bera skal ákvörðun um útvistun nauðsynlegra og mikilvægra verkefna undir stjórn til samþykktar. Áður en ákvörðun um útvistun er tekin skal greina þarfir sjóðsins m.t.t. fyrirhugaðrar útvistunar, áhættu sem felst í útvistuninni svo og hæfi og þekkingu þjónustuveitanda. Ákvörðun um útvistun skal byggð á faglegum forsendum og skal gætt að því að hagsmunaárekstrar séu ekki til staðar. Ábyrgðarmaður útvistunarsamnings sér um mat skv. þessari grein.

4. Takmarkanir á útvistun

Við útvistun skal lagt til grundvallar að útvistunarsamningar mega ekki:

1. fela í sér að stjórn lífeyrissjóðsins framselji öðrum þá ábyrgð sem hún ber samkvæmt lögum;
2. fela í sér útvistun nema sá aðili hafi gert viðeigandi ráðstafanir til að takmarka hugsanlega hagsmunaárekstra.
3. rýra eða grafa undan þeim kröfum sem Íslenski lífeyrissjóðurinn þarf að fullnægja lögum samkvæmt eða afnema eða breyta þeim skilyrðum sem starfsleyfi Íslenska lífeyrissjóðsins byggist á.
4. fela í sér útvistun verkefna sem lúta að grundvallar stjórnunarpáttum í rekstri lífeyrissjóðsins en með grundvallar stjórnunarpáttum er m.a. átt við mörkun áhættustefnu, áhættuvilja og áhættuþolmarka.
5. fela í sér útvistun stjórnunarverkefna, s.s. stefnumörkun og reglusetningu lífeyrissjóðsins m.t.t. áhættusniðs og áhættustýringar, eftirlitshlutverki stjórnar og endanlegri ábyrgð gagnvart viðskiptavinum og eftirlitsaðilum.
6. fela í sér útvistun á starfsemi sem háð er starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu nema útvistunaraðili hafi sambærilega heimild og lífeyrissjóðurinn til að veita þjónustuna eða sinna viðkomandi verkefni.

Gera skal viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að útvistunin leiði ekki til þess að gæði verkefna eða þjónustu verði lakari en ef ekki hefði komið til útvistunar. Tryggt skal að sá aðili sem tekur að sér útvistuð verkefni hafi hæfni, getu og tilskilin leyfi lögum samkvæmt til að sinna hinni útvistuðu þjónustu. Ef útvistun varðar starfsemi sem krefst starfsleyfis Fjármálaeftirlits má aðeins fela hana útvistunaraðilum sem hafa slíka heimild og eru undir eftirliti.

5. Um útvistun einstakra rekstrarþátta

Samningar um útvistun mikilvægra verkefna eins og þau eru skilgreind í 2. grein skulu gerðir af stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins. Framkvæmdastjóri annast gerð annarra útvistunarsamninga að fenginni heimild stjórnar. Við mat á því hvort verkefni eða þjónustu skuli útvistað skal lagt til grundvallar að:

1. útvistun hafi óveruleg áhrif á áhættu lífeyrissjóðsins, s.s. rekstraráhættu, orðsporsáhættu og samþjöppunaráhættu;
2. unnt sé að búa samninga þannig úr garði að hægt sé án tafar að grípa til aðgerða, t.d. með uppsögn, ef óvissa skapast um starfsemi útvistunaraðila sem geti haft neikvæð áhrif á getu hans til að sinna hinu útvistaða verkefni;

3. unnt sé að tryggja eftirlit með framkvæmd útvistaðra verkefna, m.a. um upplýsingagjöf frá útvistunaraðila til Íslenska lífeyrissjóðsins og að tryggt sé að unnt sé að fylgjast með mögulegum breytingum á skipulagi og eignarhaldi útvistunaraðila sem mögulega kunna að hafa áhrif á forsendur útvistunar;
4. útvistun hamli ekki virku eftirliti með Íslenska lífeyrissjóðnum;
5. ávallt sé næg yfirsýn og kunnátta til þess að unnt sé að hafa eftirlit með útvistuninni og taka yfir framkvæmd útvistaðra verkefna eða útvista þeim til annars aðila ef nauðsyn krefur;
6. gengið sé úr skugga um að útvistunaraðili hafi opinber leyfi, nauðsynlega getu, reynslu, faglega hæfni og gott orðspor til að sinna þeim verkefnum sem slíkum aðila er falið í útvistunarsamningi og eins að Íslenski lífeyrissjóðurinn geti gert könnun hjá útvistunaraðila hvernig skyldum samkvæmt samningi er framfylgt;
7. tryggt sé að samfelld og fullnægjandi þjónusta við sjóðfélaga sé ekki skert;
8. unnt sé að tryggja fullnægjandi viðbrögð við vanefndum af hendi útvistunaraðila og
9. útvistunaraðili hafi í gildi reglur sem tryggi að farið sé eftir viðurkenndum siðareglum og góðum stjórnarháttum.

6. Tilkynning um útvistun

Tilkynna skal Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um útvistun nauðsynlegra og mikilvægra verkefna og breytingar sem gerðar eru á slíkri útvistun.

Tilkynningu skulu fylgja upplýsingar um:

1. Útvistað verkefni,
2. Þjónustuveitanda, heimilisfang og varnarþing,
3. Hvar gögn verða vistuð,
4. Tengiliði hjá þjónustuveitanda,
5. Að þjónustuveitandi hafi verið upplýstur um að Fjármálaeftirlitinu sé heimill aðgangur að gögnum sjóðsins.

7. Um þjónustuveitanda

Þjónustuveitandi skal hafa viðeigandi sérþekkingu, menntun og reynslu að mati Íslenska lífeyrissjóðsins til að geta sinnt hinum útvistuðu verkefnum á fullnægjandi hátt. Þjónustuveitandi skal upplýsa lífeyrissjóðinn um framvindu á útvistuðu verkefni og veita sjóðnum allar nauðsynlegar upplýsingar í samræmi við nánari ákvæði útvistunarsamnings.

8. Eftirlit með útvistuðum verkefnum

Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins hefur eftirlit með útvistuðum verkefnum sjóðsins. Í eftirliti með útvistuðum verkefnum felst m.a. að fara yfir framkvæmd, öryggi og gæði útvistunar, kalla eftir skýrslum frá útvistunaraðila um þjónustuna og öðrum upplýsingum um skipulag og eignarhald útvistunaraðila. Framkvæmdastjóri skal kynna með reglubundnum hætti, eigi sjaldnar en árlega, stöðu útvistaðra verkefna fyrir stjórn sjóðsins. Framkvæmdastjóri heldur skrá yfir útvistuð verkefni. Framkvæmdastjóri leggur mat á kröfur til þjónustuveitanda.

Íslenski lífeyrissjóðurinn skal hafa fullnægjandi yfirsýn og kunnáttu til þess að hafa eftirlit með útvistuðum verkefnum og stýra áhættu sem tengist útvistun þeirra. Í útvistunarsamningi skal tilnefndur ábyrgðaraðili hjá lífeyrissjóðnum sem ber ábyrgð á undirbúningi útvistunarsamnings, er tengiliður sjóðsins við viðkomandi þjónustuveitanda og ber ábyrgð á eftirliti með því að þjónustan sé í samræmi við stefnu þessa, lög og stjórnvaldsfyrirmæli og þær kröfur sem gerðar eru til

þjónustuveitanda í viðkomandi útvistunarsamningi. Ábyrgðaraðili skal hafa viðeigandi þekkingu og hæfni til að hafa eftirlit með samningnum. Eftirlit felst m.a. í því að:

1. Fara með reglubundnum hætti yfir framkvæmd, öryggi og gæði útvistunar með þjónustuveitendum;
2. Kalla með reglubundnum hætti eftir skýrslum frá þjónustuveitendum nauðsynlegra og mikilvægra verkefna um þjónustuna og gera athugasemdir þar sem við á;
3. Kalla með reglubundnum hætti eftir upplýsingum um skipulag og eignarhald þjónustuveitanda og hvort fyrirhugaðar séu breytingar á skipulagi eða eignarhaldi og staðfesta það eins og unnt er með opinberum upplýsingum.

Ef frammistaða eða þjónusta þjónustuveitanda er talin ófullnægjandi að mati Íslenska lífeyrissjóðsins eða ef óvissa skapast um starfsemi þjónustuveitanda sem getur haft neikvæð áhrif á getu þjónustuveitanda til að sinna hinu útvistaða verkefni skal Íslenski lífeyrissjóðurinn grípa til viðeigandi aðgerða. Aðgerðirnar geta m.a. verið þær að veita leiðbeiningar og frest til úrbóta. Ef um verulega vanefnd er að ræða er heimilt að segja upp eða rifta viðkomandi útvistunarsamningi og taka yfir framkvæmd útvistaðra verkefna eða flytja þau til annars þjónustuveitanda. Slík uppsögn eða riftun skal vera skrifleg og í samræmi við viðkomandi útvistunarsamning.

9. Um keðjuútvistun

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins getur samþykkt keðjuútvistun ef keðjuútvistunaraðili samþykkir að gangast undir skilyrði útvistunarstefnu þessarar. Aðeins er heimilt að samþykkja keðjuútvistun ef keðjuútvistunaraðili er jafn hæfur eða hæfari til verksins en útvistunaraðili. Áður en stjórn samþykkir keðjuútvistun metur hún sjálfstætt þær áhættur sem í keðjuútvistun felast, þ. á m. hvort keðjuútvistunin dragi úr möguleikum útvistunaraðila til þess að efna útvistunarsamning að fullu.

10. Form og efni útvistunarsamninga

Útvistunarsamningar skulu vera skriflegir. Skal form þeirra og efni taka mið af leiðbeinandi tilmælum Seðlabanka Íslands nr. 1/2025, um útvistun. Útvistun verkefna felur ekki að neinu leyti í sér afsal þeirrar ábyrgðar sem Íslenski lífeyrissjóðurinn ber á hinum útvistuðu verkefnum. Í útvistunarsamningum skal m.a. skilgreind upplýsingaskylda útvistunaraðila á meðan á gildistíma samnings stendur. Í útvistunarsamningi skulu vera ákvæði um úrræði ef vanefndir verða af hálfu útvistunaraðila. Í útvistunarsamningi skulu koma fram upplýsingar um tengiliði, ábyrgðaraðila og form upplýsingagjafar af hálfu útvistunaraðila um hið útvistaða verkefni. Í útvistunarsamningi skal skilgreina hver ber ábyrgð á hverju útvistuðu verkefni og hlutverk ábyrgðaraðilans.

Samningar við þjónustuveitanda skulu að lágmarki að innihalda eftirfarandi:

1. Ítarleg lýsing á hinu útvistaða verkefni;
2. Umfjöllun um gildistíma, upphafsdagsetningu, endurskoðun samnings og þar sem við á lokadagsetningu samnings;
3. Umfjöllun um lagaskil, þar sem við á;
4. Skýr afstaða til keðjuútvistunar. Í samningi ætti að kveða á um hvort keðjuútvistun sé heimil og ef svo er ætti að tryggja að keðjuútvistun uppfylli tilmæli þessi;
5. Umfjöllun um hvar hinum útvistuðu verkefnum verður sinnt og ef við á, hvar gögn vegna útvistaðra verkefna verða unnin og vistuð;
6. Umfjöllun um hvernig þjónustuveitandi hyggst gæta að gagnaöryggi og uppfylla kröfur um persónuvernd samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum, þar sem við á;

7. Ítarleg umfjöllun um þær kröfur sem þjónustuveitandi þarf að uppfylla til að verkefninu sé talið sinnt á fullnægjandi hátt.
8. Umfjöllun um hlutverk og ábyrgð eftirlitsskylda aðilans annars vegar og þjónustuveitanda hins vegar. Þar á meðal umfjöllun um aðgang eftirlitsskylda aðilans að gögnum félagsins hjá þjónustuveitanda og að hinn eftirlitsskyldi aðili teljist eigandi þeirra gagna og afurða sem varða útvistunarsamninginn;
9. Aðgangur fjármálaeftirlitsins að gögnum og upplýsingum eftirlitsskylda aðilans í vörslum þjónustuveitanda ásamt aðgangi að starfsstöð og starfsmönnum þjónustuveitandans m.a. í þeim tilgangi að kanna framkvæmd verkefna sem unnin eru fyrir eftirlitsskylda aðilann;
10. Umfjöllun um hvaða ábyrgðaraðili innan eftirlitsskylda aðilans ber ábyrgð á eftirliti með því verkefni sem útvistað er og að þjónustuveitandi uppfylli allar þær kröfur sem gerðar eru til eftirlitsskylda aðilans vegna verkefnisins. Sá aðili sem ber ábyrgð á eftirliti innan eftirlitsskylda aðilans verður að hafa næga þekkingu á hinu útvistaða verkefni til að geta haft eftirlit með því. Við tilgreiningu ábyrgðaraðila ætti að tiltaka starfstíð eða starfssvið innan viðkomandi fyrirtækis;
11. Afstaða til þess hvort að þjónustuveitanda beri að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem kann að leiða af störfum hans í þágu hins eftirlitsskylda aðila og ef svo er hverjar séu lágmarkskröfur til slíkra trygginga;
12. Umfjöllun um aðgang regluvarðar, ytri og innri endurskoðanda eftirlitsskylda aðilans að öllum gögnum er varða útvistaða verkefnið ásamt aðgangi að starfsstöð og starfsmönnum þjónustuveitandans í þeim tilgangi að kanna framkvæmd verkefna sem unnin eru fyrir eftirlitsskylda aðilann;
13. Umfjöllun þess efnis að þjónustuveitanda sé skylt að tilkynna eftirlitsskylda aðilanum, eða fjármálaeftirlitinu um allar verulegar breytingar í rekstri sínum, sem geta haft áhrif á getu hans til að sinna útvistaða verkefninu;
14. Ákvæði um uppsögn útvistunar samkvæmt fyrir fram ákveðnum uppsagnarfresti sem og ákvæði um fyrirvaralaus uppsögn á samningi komi upp sérstakar aðstæður sem leiða til þess að fjármálaeftirlitið fari fram á slíkt;
15. Ákvæði um skyldu þjónustuveitanda til að upplýsa eftirlitsskylda aðilann um frávík, þ.m.t. alvarleg frávík, á útvistaðri þjónustu;
16. Ákvæði um útgönguáætlun (e. exit strategy) eftirlitsskylda aðilans;
17. Ákvæði um úrlausn ágreinings á milli samningsaðila;
18. Ákvæði um trúnaðar- og þagnarskyldu þjónustuveitanda um þau verkefni sem honum eru falin, sbr. þagnarskylduákvæði í viðeigandi sérlögum;
19. Ákvæði um hvernig þessi tilmæli verða uppfyllt, þ.á m. um varðveislu og meðhöndlun gagna og frávíkatilkynningar.

11. Uppsögn útvistunarsamnings

Í útvistunarsamningi skal kveðið á um að sjóðurinn geti sagt samningnum upp við eftirfarandi aðstæður:

1. Brjótí þjónustuveitandi gegn lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvæðum útvistunarsamnings,
2. Ef í ljós koma alvarlegir veikleikar hjá þjónustuveitanda, einkum hvað tiltækileika, ósvikni, réttleika eða leynd gagna,
3. Ef útvistunin hamlar eftirlitsaðila til að hafa skilvirkt eftirlit með sjóðnum,
4. Geri fjármálaeftirlitið kröfu um tafarlaus uppsögn samningsins,
5. Við aðrar aðstæður en tilgreindar eru hér að ofan sem greinast við eftirlit með þjónustuveitanda.

12. Gildistaka og endurskoðun

Þessi útvistunarstefna Íslenska lífeyrissjóðsins öðlast þegar gildi og kemur í stað útvistunarstefnu sem samþykkt var á stjórnarfundi þann 27. nóvember 2024. Hún skal endurskoðuð reglulega og eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Stefna þessi var samþykkt af stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins á stjórnarfundi þann 25. mars 2026.